

VERKLAGSREGLUR AÐGENGI BÆJARFULLTRÚA AÐ GÖGNUM

1. gr.

Meginreglan er sú að aðalmenn í bæjarstjórn skulu vegna starfa sinna í bæjarstjórn hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og óhindraðan aðgang að stofnunum þess og starfsemi, sbr. 30. gr. sveitarstjórnarlaga og 37. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Peir varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn eiga þá einnig þennan rétt, sbr. 37. gr. sveitastjórnarlaganna.

2. gr.

Þrátt fyrir framangreinda meginreglu í 30. gr. sveitarstjórnarlaga geta verið fyrir hendi gögn í máli sem rétt er að bæjarfulltrúi hafi ekki aðgang að, svo sem gögn um verulega einkahagi einstaklings, til dæmis læknisvottorð, sálfræðigreining o.þ.h. Þó er skylt að upplýsa bæjarfulltrúa þannig um mál að honum sé unnt að gera sér grein fyrir umfangi þess og áhrifum til dæmis á fjárhag bæjarfélagsins. Gæta verður þess þá að upplýsingarnar séu veittar með þeim hætti að ekki verði lesið úr upplýsingunum hvaða mál sé um að ræða eða hverjir séu aðilar að því.

3. gr.

Bæjarfulltrúar skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum, sbr. 39. gr. samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar

4. gr.

Í þeim tilvikum þegar bæjarfulltrúi óskar eftir svörum við tilteknum spurningum sem krefjast sérstakrar vinnu starfsmanna, svo sem úttektir og útreikningar, ber bæjarfulltrúa að bera fram skriflega fyrirspurn í viðkomandi ráði eða snúa sér til bæjarstjóra eða viðkomandi sviðsstjóra

5. gr.

Sömu reglur um aðgengi að gögnum gilda um fulltrúa sem kjörnir eru í ráð, nefndir og stjórnir á vegum bæjarins með þeirri mikilvægu undantekningu að aðgangur þeirra skv. 1. gr. takmarkast við bækur og skjöl bæjarfélagsins sem heyra undir það ráð, nefnd eða stjórn sem þeir sitja í.

Verklagsreglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 2. júní 2009 og öðluðust þá gildi.

